



33. fundur, umhverfis- og skipulagsnefndar Langanesbyggðar haldinn á skrifstofu Langanesbyggðar, Þórshöfn mánudaginn 16. apríl 2018 og hófst klukkan 12:00.

Mætt voru: Jósteynn Hermundsson, Steinunn Leósdóttir, Reimar Sigurjónsson, Karl Ásberg Steinsson og Jónas Egilsson skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð. Oddur Skúlason og varmaður hans tilkynntu forföll.

Formaður setti fund, bauð fundarmenn velkomna og spurði hvort einhver gerði athugasemd við fundarboð.

Svo var ekki og gengið var til dagskrár.

Dagskrá.

1. Beiðni um heimild til viðbyggingar við Austurveg 12

Teikningar að viðbyggingu (bílskúr, herbergi og geymsla) við Austurveg 12 á Þórshöfn lagðar fram.

Samþykkt um bókun: Nefndin samþykkir að fram fari grenndarkynning á fyrirhuguðum breytingum: Grennd er skilgreind: Austurvegur 10 og 14, Miðholt 5 –7 og 9 – 13.

Samþykkt samhljóða.

2. Önnur mál

2.1. Erindi frá Björgunarsveitinni Hafliða. Lögð fram hugmynd að mögulegri viðbyggingu á húsnaði félagsins við Fjarðarveg 6.

Karl Ásberg Steinsson lýsti sig vanhæfan við afgreiðslu þessa liðar. Samþykkt.

Samþykkt um bókun: Þar sem deiliskipulag Þórshafnar er í undirbúningi, er samþykkt að fresta afgreiðslu þessarar beiðni.

Samþykkt samhljóða.

2.2. Rúlluplast. Umræður um hirðun á rúlluplasti. Nefndin vill lýsa megnustu óánægju sinni með að ekki hafi verið tekið rúlluplast hjá bændum og að hér sé um brot á samningi við sveitarfélagið að ræða, þar sem hirða á plast fjórum sinnum á ári.

2.3. Hreinsunarmál. Umræður.

Fleira ekki gert, fundargerð upp lesin og fundi slitið kl. 12:36.